

Guðný Zoëga  
Kári Gunnarsson  
Hjalti Pálsson

# Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar VII - byggðasögurannsókn



*Forsíðumynd: Stafshólsstekkur í landi Stafshóls, Deildardal*



© Bygðasafn Skagfirðinga  
2013/139

# Efnisyfirlit

---

<b>Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>Aðferðarfræði</b> .....	<b>4</b>
<b>Rannsókn 2013</b> .....	<b>6</b>
<b>Unadalur</b> .....	<b>7</b>
Svínavellir.....	7
Rannsókn 2013 .....	7
Þönglaskálasel.....	9
Rannsókn 2013 .....	10
Spána.....	12
Rannsókn 2013 .....	14
<b>Deildardalur</b> .....	<b>15</b>
Grafarsel.....	15
Hrappsá (Hrafnsá -Hrappsárkot).....	17
Rannsóknir 2013 .....	20
Snið 1 – í túngarð .....	21
Snið 2 – í túngarð .....	21
Stafn.....	23
Kot í landi Stafns .....	24
Rannsókn 2013 .....	27
Stafshóll (Stafnshóll) .....	29
Stafshólsstekkur .....	30
Rannsókn 2013 .....	30
<b>Höfðaströnd</b> .....	<b>32</b>
Nýlendi.....	32
Fornbýli á Nýlendiskoti.....	33
Rannsóknir 2013 .....	34
Gröf/Grafargerði .....	36
Beitarhús í Haga.....	36
Möguleg seltóft í Haga .....	36
Miðgerði.....	37
<b>Samantekt</b> .....	<b>38</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>39</b>

## Inngangur

---

Undanfarin 17 ár hefur farið fram ritun og útgáfa á Byggðasögu Skagafjarðar og eru nú sex bindi komin út. Sérstök áhersla hefur verið lögð á skráningu og rannsóknir á fornum byggðaleifum ekki síst utan heimatúna, oft fjarri alfaraleið. Samstarf um fornleifarannsóknir hefur verið með starfsmönnum Byggðasögunnar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga. Fjöldi minja hefur verið staðsettur nákvæmlega, myndaður og teiknaður upp og könnunarskurðir eða borkjarnar teknir í túngarða og útveggi á völdum stöðum. Alls hefur hátt á sjötta tug staða verið rannsakaðir á þennan hátt í Skagafirði í tengslum við verkefnið en fjöldi minja hefur einnig verið mældur upp og skrásettur án frekari fornleifakönnunar.

Í ár voru teknir fyrir staðir í Hofshreppi hinum forna en sérstök áhersla lögð á minjar í Deildardal og Unadal.

*Megin markmið rannsókna er:*

- að leita að og staðsetja fornbylí, sel og aðrar minjar sem fyllt geta upp í þekkingu á byggðasögu Skagafjarðar.
- að kanna aldur valinna minja með könnunarskurðum og/eða borkjörnum sem teknir eru í garðlög og útveggi tófta til að ákvarða aldur og möguleg byggingastig. Einnig eru tekin kjarnasýni úr gólfum tófta til að ákvarða hvort að um mannabústaði er að ræða.
- að kynna og vekja athygli á minjunum þannig að gert sé ráð fyrir þeim í skipulagi og við framkvæmdir.

Árið 2013 voru farnar nokkrar vettvangsferðir í tengslum við verkefnið, minjar mældar upp og borkjarnar eða minni könnunarskurðir teknir á 11 stöðum. Tilgangur verkefnisins var ekki að gera heildstæða úttekt á minjum heldur að skoða nánar minjastaði sem líklegir þóttu til að bæta einhverju við þróunarsögu byggðar.

Undirbúningur, vettvangsvinna og skýrslugerð voru í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafraeðings, Kára Gunnarssonar kennara og byggðasöguritara og Hjalta Pálssonar sagnfraeðings og ritstjóra. Sérstakar þakkir fá landeigendur og ábúendur jarða fyrir góðfúslegt leyfi til rannsókna.

Verkefnið var styrkt af Menningarráði Norðurlands vestra.

## Listi yfir minjar, fornbýli, sel og aðra staði sem rannsaðir hafa verið í Skagafirði

Staður	Staðsetning	>1000*	1000-1104	1104-1300	1300>	Aflagt 1766	1766>
<b>Hæðarnes</b>	Goðdalir			X			
<b>Miðmundarlækur</b>	Vesturdalur		X	?			
<b>Hrísastaðir</b>	Vesturdalur	?	X				
<b>Fossar</b>	Vesturdalur	?		X			
<b>Tunga</b>	Vesturdalur	X					
<b>Ófriðarstaðir</b>	Austurdalur		X	X	X		
<b>Fagrabrekka</b>	Austurdalur	?		X	X		
<b>Fagrahlíð</b>	Austurdalur	?	?	X	X		
<b>Grund</b>	Öxnadalsheiði			X			
<b>Vík</b>	Norðurárdalur			X	X		
<b>Einarsdalskot</b>	Haukagilsheiði			X	X		
<b>Ópekkt</b>	Miklibær			X	X		
<b>Gerði</b>	Flugumýrarhvammur				X		
<b>Hæringsbúðir</b>	Sauðákrókur/golfvöllur		X	X			
<b>Risamýri</b>	Réttarholt	X	X				
<b>Garðhús</b>	Hólahagi/Hjaltadalur	X	X				
<b>Hólakot</b>	Viðvíkursveit	X	X		X		
<b>Ytri-Heljará</b>	Kolbeinsdalur		X	X	X		
<b>Keflavík (Kriki)</b>	Hegranes			X			
<b>Keflavík</b>	Hegranes		X				
<b>Keflavík (sjóbúð?)</b>	Hegranes				X		
<b>Grjótá</b>	Viðvíkursveit				X		
<b>Grjótgerði</b>	Víðines/Hjaltadalur		?	?	X	X	
<b>Bjarnastaðir</b>	Kolbeinsdalur			X			
<b>Geitakofahóll</b>	Neðri-Ás Hjaltadalur	X	X	?			
<b>Ópekkt</b>	Neðri-Ás, Hjaltadalur		?	X			
<b>Kýrholt</b>	Viðvíkursveit			?	X	X	
<b>Herpisgerði</b>	Hólahagi/Hjaltadalur				X	X	
<b>Hagakot</b>	Hólahagi/Hjaltadalur				X	X	
<b>Fornar réttir</b>	Hólahagi/Hjaltadalur				X	X	
<b>Gljúfurárgerði</b>	Viðvíkursveit				X		
<b>“Slappandastaðir”</b>	Viðvíkursveit				X	X	
<b>Markúsarhóll</b>	Viðvíkursveit	X	X	X	?	X	
<b>Fossabrekkur</b>	Viðvíkursveit	X	X				
<b>Algerðarstaðir</b>	Viðvíkursveit			?		X	
<b>Ásgrímsstaðir</b>	Hegranesi						
<b>Lækur</b>	Viðvíkursveit	?	X				
<b>Ónefnt fornbýli</b>	Kýrholt/Viðvíkursveit	X		X			
<b>Ónefnt fornbýli</b>	Fjall/Kolbeinsdalur						
<b>Kaldárkot</b>	Bjarnastaðir/Kolbeinsdalur	?	X			X	
<b>Unastaðasel</b>	Kolbeinsdalur		?				
<b>Heljará tóftir</b>	Kolbeinsdalur					X	
<b>Ónefnt býli</b>	Kolbeinsdalur					X	

Staður	Staðsetning	>1000*	1000-1104	1104-1300	1300>	Aflagt 1766	1766>
Nautasel	Kolbeinsdalur					X	
Sámsstaðir	Miklibær/Óslandshlíð			X			
Stórhóll	Miðhús/Óslandshlíð	?	X				
Grafarsel	Deildardalur						
Hrappsá	Deildardalur		X		X		X
Kot í landi Stafns í Deildardal	Deildardalur	?	X				
Stafshólsstekkur	Unadalur			X	X		
Nýlendiskot	Nýlendi/Höfðaströnd						
Óþekkt fornþýli	Nýlendi/Höfðaströnd						
Sel í landi Grafar	Hofshreppur				X		
Beitarhús/Gröf	Hofshreppur						
Spáná	Unadalur	?	X				X
Svínaveilir	Unadalur						
Þönglabakkasel	Unadalur			X			

## Aðferðarfræði



Mynd 1. Kári Gunnarsson við borkjarnatöku í skálatóftinni sem fannst á svokölluðu Koti í landi Stafns í Deildardal. Mörg áður óþekkt fornþýli hafa hfundist og verið staðfest við rannsóknir undanfarinna ára. Skálinn hefur verið aflagður fyrir aldamótin 1100. Ljóms. GZ.

Minjar eru mældar upp með Trimble Pro-Xr staðsetningartæki með um 50cm skekkjumörkum. Hnitakerfi sem stuðst er við er Isn93.

Kjarnabor er notaður til að gera forkönnun á minjum bæði til að greina hvort um mannvistarleifar er í raun að ræða og til rannsókna á aldri og tegund minjanna. Stundum gefa borkjarnarnir fullnægjandi niðurstöður en annars eru minni könnunarskurðir teknir.

Við rannsókn með kjarnabor er málband lagt þvert yfir tóftir eða garðlög og kjarni tekinn með metra eða tveggja metra millibili. Jarðlög in kjarnanum eru skráð á þar til gert eyðublað og hnit tekið á borholunni. Þar sem jarðlög eru glögg og mannvistarlög vel varðveitt má greina þykkt og gerð laga og hvort um er að ræða gólf útihúsa eða mannabústaða. Þar sem gjóskulög eru glögg í jarðvegi má meta aldur minja út frá afstöðu gjósku og mannvistarlaga í kjörnunum.

Könnunarskurðir eru hafðir eins litlir og unnt er bæði til að spara tíma og til að hrófla sem minnst við minjunum. Þar sem komið er niður á flóknar

mannvistarleifar í skurðum er þeim lokað aftur. Stundum þarf að taka fleiri en einn skurð til að viðunandi niðurstöður fáiast. Jarðlög í skurðarsniðum eru teiknuð upp, þeim lýst og ljósmyndir teknar.

Aldur minja er metinn eftir afstöðu gjóskulaga. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir og/eða undir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur, sem oft finnast í torfi, gefa einnig hugmynd um það hvenær torf hefur verið tekið og jafnvel vísbendingar um endurbýggingar veggja.

Helstu gjóskulög sem finnast í Skagafirði eru:

**H3** – þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag  
**LnL** – Landnámslagið grænleitt gjóskulag féll um 870 e.Kr.

**Vj~1000** – þunnt blá- eða grænleitt lag úr Vatnajökli sem féll um 1000 e.Kr.

**H1104** – hvítt gjóskulag úr Heklu sem féll 1104. Er nokkuð þykkt og auðgreinanlegt.

**H1300** – gráleitt gjóskulag úr Heklu sem féll árið 1300.


**H1766** – svart gjóskulag úr Heklu, rétt undir grasrót, féll 1766.



Mynd 2. Gjóska í jarðvegssniði í landi Nýlendis. Neðst má sjá þunna hvíta línu sem er Heklugjóska sem féll 1104. 20cm ofan hennar er dökkgrá gjóska H1300. Um 8cm ofan hennar er svört gjóskulína H1766.

- Þar sem fjallað er um minjar í texta eru númer í hornklofum númer minjanna á viðeigandi teikningu minjastaðarins.
- Á teikningum er aldur minja gefinn til kynna með mismunandi litum. Eldri minjarnar eru dekkri að lit.
- Staðsetning kjarna er sýnd á ólituðum myndum og eru númer kjarna þá höfð rauð á lit.
- Hnitaskrá yfir minjar og töflur með lýsingu á kjörnum má finna aftast í skýrslu.
- Gjóska sem liggur á sínum stað er sögð *in situ* í lýsingum á borkjörnum.

# Rannsókn 2013



Mynd 3. Kort sem sýnir legu staða sem rannsakadir voru 2013 og eru þeir auðkenndir með feitiletrun. Staðir í fyrrum Grafarlandi sem voru kannadir eru ekki á kortinu. Kort. Bryndís Zoëga.

Sumarið og haustið 2013 var farið í nokkrar vettvangsferðir vegna verkefnisins. Lögð var áhersla á staði í Deildardal og Unadal en einnig voru nokkrir aðrir staðir teknir fyrir. Allir staðirnir töldust þó fyrrum til Hofshrepps sem er umfjöllunarefni sjöunda bindis Byggðasögunnar.

Í Unadal voru fornar byggðamenjar á Svínavöllum, Spáná og Þönglaskálaseli könnuð með kjarnabor. Auk þess voru minjar á Hofsseli og Ennisseli mældar upp.

Í Deildardal var kjarnabor notaður til að aldursgreina minjar á Koti í landi Stafns, og Hrappsá í landi Skuggabjarga. Einnig voru skoðuð tvö snið í uppblásinn túngarð á Hrappsá. Ónefnt fornbylí á svokölluðu Stafshólsstekk í landi Stafshóls var aldursgreint með kjarnabor sem og ónefnt fornbylí á svokölluðu Nýlendiskoti í landi Nýlendis. Minjar á Grafarseli, Miðhúsaseli, Kambstóftum og Marbælisseli voru mældar upp.

Aðrar aldursgreindar minjar, voru mögulegar seltóftir, beitarhús og svonefnt Miðgerði í landi Grafar á Höfðaströnd. Í skýrslunni eru einungis teknar fyrir þær minjar sem voru rannsakaðar. Uppmælingar og teikningar selja og annarra minja sem ekki voru kannaðar frekar koma til með að birtast í 7. bindi Byggðasögunnar.



## Unadalur



Mynd 4. Horft fram Unadal, réttartóft í landi Svínavalla í forgrunni.. Ljós. GZ.

### Svínavellir

Svínavellir er eyðijörð í Unadal, milli Bjarnastaðagerðis að framan en Hólkots að utan. Bæjarstæði Svínavalla er 1,7km innan við Hólkot, sem nú er eini bærinn sem enn er í byggð. Bæjarhóllinn liggur 370m upp af og suður frá Unadalsá.

Elsta heimild um býlið er í kaupbréfi frá 1528.<sup>1</sup> Jörðin var stopult í byggð en heimildir eru til að þar hafi verið haft í seli 1613.<sup>2</sup> Vorið 1829 yfirgáfu síðustu ábúendurnir Svínavelli og fluttu sig í hjáleiguna Svínavallakot sem þau höfðu einnig haft til ábúðar. Eftir þetta varð Svínavallakot aðaljörðin og tók jafnvel með sér nafnið, því að stundum er hún í heimildum nefnd Svínavellir.

### Rannsókn 2013

Listi yfir kjarna sem teknir voru eru í töflu 1 aftast í skýrslu.

Minniháttar fornleifarannsókn fór fram á völlum neðan bæjarhóls Svínavalla til að kanna hvort þar kynni bærinn að hafa staðið. Teknir voru sex kjarnar, annarvegjar í tóftir réttar og hinsvegjar útihúsatóft. Ætlunin var að grennslast fyrir um hvort bæjarstæði Svínavalla hefði fyrrum legið neðar í hlíðinni sunnan Unadalsár. Kjarnarnir sem teknir voru í réttina sýndu fram

<sup>1</sup> DI VII, bls. 233-234

<sup>2</sup> Jarðabréf á Þjóðskjalasafni. 2(72)B.



*Mynd 5. Kjarni sem tekinn var í rétt á bökkunum sunnan ár. Í kjarnanum má sjá lagskipt torfið í tóftaveggjunum. Ljósu lögin eru H1104 gjóskan og þau gráu H1300 gjóskan. Ljós. GZ.*

á að hún hafði verið reist eftir 1300 en fallin þegar gjóskan féll 1766. Kjarnar sem teknir voru í óglögga tóft ofan réttarinnar bentu til einhverskonar útihúss sem einnig hefur verið komið úr notkun. Engin ummerki fundust um mannvist af neinu tagi í kjörnum, ösku kol eða annað þess háttar.

*Túlkun:*

Bæjarstæði Svínavalla hefur ekki verið á bökkunum neðan við bæjarhólinn. Rétt og útihús sem skoðuð voru reyndust eldri en 1766.

## Pönglaskálasel



Mynd 6. Horft ti norðurs yfir Pönglaskálasel. Hjalti Pálsson stendur í tóftum fjárhús en rétt vinstra við miðju myndar eru yngri tóftarleifar sem líklega eru leifar smábýlis frá seinni öldum. Engar heimildir eru til um býlið. Ljós. GZ.

Jörðin Pönglaskáli á Höfðaströnd átti selland í Unadal. Mörk sellandsins eru þekkt í landamerkjaskrá en engar heimildir eru um hvar selið var eða mögulega byggð á því. Við vettvangsferð byggasöguritara kom í ljós að á ská gegnt frá Spáná, frammi á brattri brekkubrún vestan Unadalsár voru tóftir sels og mögulega lítils bæjar. Mannvirkjaleifar voru á sjö stöðum og virtust sumar tóftanna ólíkar því sem búast má við í tengslum við hefðbundinn seljabúskap.

### Lýsing minja

Gleggstu rústirnar liggja fremst á brún nokkuð brattrar brekku sem liggur upp og vestur af Unadalsá. Um er að ræða nokkuð stæðilega tóft [1] sem í voru a.m.k. sjö afmörkuð hólf alls 11x8m að ummáli. Gróðurfar og grjóthleðslur í tóftaveggjum bentu til að tóftin væri ekki mjög forn e.t.v. frá 18. – 19. öld. Tóftin líktist einna helst íveruhúsum áföstum einhverjum skepnuhúsum og gætu verið leifar bæjarhúsa. Allsstaðar var komið niður á grjót í tóftinni og því ekki unnt að taka þar borkjarna. Um 12 metrum ofar var útihúsatóft [3] hlaðin upp í brekkuna og myndaði brekkan bakhlið húsanna. Þessi tóft var þrískipt og eru líklega leifar fjárhúsa.

Lækur rennur 15m innan við tóftirnar og austan hans eru leifar tveggja tófta. Önnur þeirra er kofatóft [4] á austurbakka lækjarins og virtist hún geta verið frá sama tíma og gleggstu húsatóftirnar. Um 15m utan hennar var aflöng tóft [5] sem gæti hafa verið kvíar og snéri hún upp og niður fjallsbrekkuna. Dyr voru ekki glöggar á henni og veggir nokkuð jarðsokknir og virtist hún öllu eldri en yngstu tóftirnar á selinu.



Mynd 7. Yfirlitsteikning af minjum á Þönglaskálaseli.

Undan yngri bæjarrústunum að vestan stóðu svo óglöggir og jarðsokknir veggir eldri bygginga [2]. Greina mátti tvö hólf í tóftinni og voru borkjarnar teknir í hana. Reyndist sú bygging íveruhús sem aflagt hefur verið a.m.k. 100-200 árum áður en bæjartóftin var byggð þar ofan á. Líklega er þar um að ræða leifar bygginga sem tilheyrir hafa selstöðunni. Tvær fornlegar smátóftir [6 og 7] stóðu svo á sitt hvorum hólnum utar í fjallshlíðinni 25m og 50m frá bæjarhúsunum. Í hlíðinni ofan tóftanna er myndarlegur hóll. Í laut bak við hann var tóft [8] 2x3m að stærð. Tóftin er ekki á meðfylgjandi teikningu en hnit fylgir í hnitaskrá aftast í skýrslu.

## Rannsókn 2013

Listi yfir kjarna sem teknir voru eru í töflu 2 aftast í skýrslu.

Einungis voru þrjú borkjarnar skráðir á Þönglaskálaseli. Þar sem borinn stoppaði á grjóti rétt undir yfirborði voru kjarnar ekki skráðir. Ekki tókst að aldursgreina yngstu tóftina [1] en afstaða hennar og 1766 gjóskunnar bendir til að veggirnir séu byggðir eftir að gjóskan féll. Í seltóftunum sem liggja undan bæjarhúsunum var komið var niður á þétt móöskuríkt gólf með koladreif sem greinilega hefur verið í íveruhúsi manna. Um 15cm af óhreyfðri fokmold lá ofan á minjunum sem bendir til að byggingin hafi verið aflögð nokkru fyrir gjóskufallið. Torf sem kom fram í kjörnum var með 1104 gjóskunni og veggir því hlaðnir eftir að hún féll.

Mögulega var hægt að greina minjar frá þremur notkunarskeiðum. Fyrst er að nefna seltóftirnar sem liggja undir yngri byggingum. Svo eru þrjár smátóftir sem gætu tilheyrt seltóftinni en gætu líka tengst seinni tíma búsetu eða seljabúskap. Yngstu tóftirnar virðast vera af bæjar- og útihúsum frá 18. -19. öld.

*Túlkun:*

Ummerki voru um sel reist eftir 1104 aflagt líklega á 14.-15. öld. Kofatóftir kunna að hafa tilheyrt seli eða búskap á staðnum eftir að eldra selið leggst af. Á 18.-19. öld er þarna skammvinn búseta sem ekki tengist seljabúskap.

## Spáná



Mynd 8. Fornar bæjartóftir undir 20. aldar fjárhústóft á Spáná. Kári Gunnarsson við borkjarnatöku. Ljós. GZ.

Spáná er innsti bær í Unadal, norðan megin Unadalsár. Þar eru talsverðar bæjartóftir, enn mjög glöggar, og allmargar útihúsarústir víðsvegar í túni og utan þess. Vallargarður er öflugur ofan við túnið undir Spánárhólum, fremri hlutinn torfhlaðinn en ytri hlutinn gerður úr grjóti og nær um hundrað metra niður á skriðugrundina. Túnið hefur verið talsvert stórt, á þurru mólendi og uppgrónu skriðuframhlaupi Spánárinnar, harðlent en greiðfært að hluta. Spáná fór í eyði 1920 og standa engin hús þar lengur. Jörðin er nú í eigu Upprekstrararfélags Unadalsafréttar og er nú hluti af Unadalsafrétti.<sup>3</sup>


Spáná virðist löngum hafa verið í eyði á miðöldum. Ókunnugt er hvenær jörðin fyrst byggðist en Hólastóll sýnist hafa eignast landið á 15. öld en kemur jörðin fyrst fram í skráum Stólsins 1525, þá talin með húsalausum eyðikotum<sup>4</sup>. Þorbergur Bessason, sýslumaður á Hofi á miðri 16. öld, hefði haft Spáná að láni frá Hólum og haft þar í seli þegar hann hélt bú á Hofi.<sup>5</sup> Jörðin hefur byggst aftur á seinni hluta 17. aldar þar sem hún er talin í reikningum Hólastóls 1666 og í Jarðabókinni 1709 segir að hún hafi verið byggð úr auðn fyrir 40 árum, þ.e. laust fyrir 1670.<sup>6</sup>

<sup>3</sup> Veðmálaskrár nr. 4756.

<sup>4</sup> DI IX, bls. 302.

<sup>5</sup> Jarðabréf á Þjóskjalasafni. 2 (72)B.

<sup>6</sup> JÁM IX, bls. 247.



Mynd 9. Yfirlitstekning af minjum í heimatúni Spánár.

Í Jarðabókinni 1709 er Spáná einungis metin til 6 hundraða og er lágt mat sem eflaust er til komið af landþrengslum og mikilli óhæð. Í Jarðabók Johnsens frá 1847 er jörðin sögð 6 hundruð en neðanmáls að hreppstjóri telji hana 8 hundruð.<sup>7</sup> Árið 1849 var „Spáná bóndaeign eftir núverandi dýrleika 8 hundruð.“<sup>8</sup> Árið 1861 var matið hækkað upp í 9.9 hundruð og árið 1922 var matið orðið kr. 1.700, jörðin þá komin í eyði og lögð undir afrétt.

### Lýsing minja

Vegna tímaskorts var einungis var mældur upp hluti minja í Spánaártúni. Um 70m suður af tóftum síðasta bæjarins [2], á bakka bugtar þar sem Deildardalsá hefur fyrrum runnið var aflöng dæld [1] í þýfðum túnparti. Á yfirborði líktist þessi dæld helst skálatóft um 16m langri og 4m breiðri. Þarna reyndist þó ekki um skálatóft að ræða en einhver smátóft eða niðurgroftur hefur verið í austurenda dældarinnar og í henni töluvert af lausum kolum. Engin gjóska lá yfir eða undir kolalaginu þannig ekki var hægt að tímasetja þessar minjar frekar.

<sup>7</sup> Jarðabók Johnsen 1847, bls. 270.

<sup>8</sup> Jarðabók 1849 nr. 78.

Farvegur bæjarlækjarins lá rétt vestan tóftarinnar og yngra bæjarstæðisins. Vestan hennar voru stæðilegar tóftir fjárhúsa og hlöðu [7] sem hafa tilheyrt seinasta bænum. Fjárhústóftin stóð á upphækkun og komu undan henni nokkur óglögg fornleg veggjabrot. Fast norðan fjárhússins var ferkantað óglögg veggjalag [4]. Innan þess var tekinn borkjarni sem staðfesti að byggð hefði verið á Spáná þegar fyrir 1104. Ekki reyndist þó þarna um mannabústað að ræða. Aflöng dæld [5] með óglöggum veggjalögum lá fast norðaustan fjárhústóftanna. Borkjarnar staðfestu að þar væri líklega um skáltóft að ræða sem hefur verið fallin fyrir gjóskufallið 1300. Ofan fjárhústóftarinnar var svo fornleg rétt eða kvíar [3]. Fast norðan skálans á norður langvegg hans var þrískipt fornleg tóft [6], einna líkust leifum af seli. Sunnan þessa forna bæjarhóls voru svo tvær gamllegar tóftir. Smærri tvískipt tóft [8] og nokkurn veginn hringlaga smátóft [10] austan hennar. Aldur þeirra var ekki kannaður en þær voru augljóslega eldri en svo að geta tilheyrt yngsta bænum.

## Rannsókn 2013

Listi yfir kjarna sem teknir voru eru í töflu 3 aftast í skýrslu.

Tvær rannsóknarferðir voru farnar í Spáná. Fyrri ferðin var farin til að mæla þar upp minjar en seinni ferðin var farin til að taka borkjarna í tóft sem virtist geta verið skálatóft. Málband var lagt þvert yfir meinta skálatóft [1] kjarnar 1-7 voru teknir á línunni. Engin mannvist fannst í þessum kjörnum. Þrjú kjarnar (8-10) voru teknir í tóftina austanverða. Þar kom þykkt lag af kolum og brenndum beinum. Lagið var of laust í sér til að geta verið gólflag en mögulega hefur þarna eitthvað verið brennt eða rusli hent. Þrjú kjarnar voru teknir í mögulegan bæjarhól vestan bæjarlækjar. Þar kom fram þétt móösku og kolagólf í skálalaga dæld og lá H1300 gjóskan ofan þess þannig að mannvirkið hefur verið komið í eyði nokkru áður en gjóskan féll. Kjarni tekinn nyrst í „bæjarhólnum“ staðfesti svo að þarna hefði verið mannabústaður þegar fyrir 1104. Engin mannvist var í kjarna ofan 1104 gjóskunnar sem gæti bent til að bærinn hafi verið farinn í eyði þegar á 12. öld eða að hann hafi verið fluttur til á bæjarstæðinu. Rannsóknin hefur því bætt við nokkur hundruð árum við þekkta sögu Spánár.

### Túlkun:

- Spáná er í byggð þegar á 11. öld, e.t.v. fyrr. Byggð kann að hafa lagst af þegar á 12. öld. Þó kann að hafa verið þarna einhver byggð, e.t.v. haft í seli eftir að skálinn var aflagður og áður en byggð hófst þar aftur á 17. öld.



## Deildardalur



Mynd 10. Leifar eldri seltófta séð frá 19. aldar bæjarstæðinu á Grafarseli. Horft til norðausturs. Ljós. Kári Gunnarsson.

### Grafarsel

Kjarnar voru teknir í tóftir Grafarsels í Deildardal. Töluverðar minjar eru á selinu, bæði eldri seltóftir og leifar býlis sem þar var um miðja 19. öld. Grafarsel er um 450 metrum innan við Bjarkará, niður við bakka Grafarár.


Seljadals er fyrst getið í kaupbréfi frá lokum 14. aldar og vafalítið er nafnið ævafornt. Ekki er ósennilegt að bændur niður í dalnum eða á Höfðaströnd hafi þegar á fyrstu öldum byggðar, haft í seli innan við byggð í Deildardal.<sup>9</sup> Um sel í Deildardal segir séra Páll Erlendsson í sóknarlýsingu árið 1839: „Allar Óslandshlíðarjarðir, Gröf, Enni og Hof [eiga selstöður], þær síðustu tvær í Unudalnum, hinar í Deildardal. Öngvar eru nú notaðar, nema frá Gröf mánaðartíma sumar hvert. Hafa þær aflagst vegna vegalengdar, margs þar að lútandi örðugleika, og hefur þar til aldrei svarað kostnaði. Menn rífa þar til kola og reka þangað geldfé og ótamin hross, og upprekstrarlandið er ekki annað en sellöndin sjálf [...]“<sup>10</sup>

### Lýsing minja

Listi yfir kjarna sem teknir voru eru í töflu 4 aftast í skýrslu.

<sup>9</sup> DI III bls. 488.

<sup>10</sup> Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu bls. 139.



Mynd 11. Yfirlitssteikning af minjum á Grafarseli.

Gleggstu minjarnar eru leifar 19. aldar býlisins sem liggur að hluta ofan á leifum eldri bygginga. Tóft yngsta bæjarins [1] stóð efst og hæst minjanna á dálitlum hóli og voru ummerki um þrjú rými í bænum en áfastastar austan bæjarins voru leifar matjurtagarðs [2]. Kofatóft [3] er nokkrum metrum sunnan við matjurtagarðinn og hefur tilheyrt yngsta notkunar skeiðinu. Í rústabungunni [4] sem bærinn stendur á má sjá a.m.k. þrjú hólf. Rétt austan hennar var svo einhverskonar niðurgröftur [5]. Um 8m norðaustan matjurtagarðsins voru leifar eldra sels [6] en engar yngri byggingar lágu ofan á því. Í því voru a.m.k. þrjú rými og áfastar kvíar. Tóftirnar stóðu mjög tæpt á brún ofan árinna og því í nokkurri rofhættu. Veggir voru mjög jarðsokknir. Nokkrir kjarnar voru teknir í minjarnar. Flestir lentu beint á steini undir yfirborði enda var mikið grjót í veggjum bæði yngri og eldri tófta. Ekki var hægt að greina aldur minjanna í þeim þremur kjörnum sem þó tókst að ná þarna upp. Um 4m norðan seltóftanna voru aflangar kvíar [7] sem tilheyrt hafa selstóftinni. Um 30m beint norðan yngstu bæjartóftarinnar voru leifar tveggja útihúsa [8 og 9], fjárhúsa og hlaða. Tóftaveggir útihúsanna stóðu sémilega og var augljóst að garðar höfðu verið í fjárhúsunum. Þessi útihús voru frá 19. aldar bænum.

#### Túlkun.

- Ekki var hægt að meta aldur minja á Grafarseli.

## Hrappsá (Hrafnsá -Hrappsárkot)



Mynd 12. Horft upp túnið á Hrappsá frá Deildardalsvegi. Til hægri sést skriðan sem runnið hefur yfir túngarð og hluta túnsins. Ljósms. GZ.

Hrappsá var hjáleiga frá Skuggabjörgum, og stóð norður við samnefnda á í Deildardal vestan verðum, milli Skuggabjarga og Stafshóls. Óvíst er hversu stórt land hjáleigan hafði, annað en túnið, sem afmarkað er fornum túngarði.

Svo illa vill til að engar ritaðar heimildir hafa varðveist um tilvist Hrappsár fyrir 1831, nema þjóðsaga sem virðist eiga uppruna sinn til fyrstu alda Íslandsbyggðar. Þær sagnir var að finna í handritum frá árunum 1368 og 1428, sem eru því miður glötuð.<sup>11</sup> Ekki er minnst á Hrappsá í Jarðabókinni 1709 sem verður að teljast frekar óvanalegt en kann þó að eiga sér skýringu.<sup>12</sup> Skuggabjörg voru í eyði árið 1709 og því enginn ábúandi á jörðinni sem greint gat frá staðhátum. Hrappsá virðist hafa gleymst. Ferðabók Ólafs Olaviusar frá 1777 getur heldur ekki Hrappsár í upptalningu á eyðibólum í Hofshreppi. Býlið var í byggð frá 1831 og var þar búið með hléum til ársins 1872, að Hrappsá fór í eyði og hefur ekki byggst síðan. Hrappsár er getið neðanmáls í Jarðatali Johnsens frá 1847, en þar segir að prestur nefni hjáleiguna Hrappsá en aðrar upplýsingar um býlið séu ekki kunnar og því er það ekki í jarðatalinu sjálfu.<sup>13</sup>

Bæjarstæðið er skammt ofan við vegslóða (Deildardalsveg vestri) sem liggur milli Skuggabjarga og Stafshóls, fast framan við Hrappsárskriðuna. Túnið er í litlum halla, vel gróið

<sup>11</sup> HSK. 403. fol. Örnefnaýsning úr Deildardal. Jón H. Árnason

<sup>12</sup> JÁM X, bls. 20-210.

<sup>13</sup> Jarðatal Johnsens 1847, bls. 270.



Mynd 13. Horft út Deildardal frá Hrappsá. Fyrir miðri mynd er skálatóftin sem lá eins og dalurinn. Ljósm. GZ.

en þýft og hefur aldrei verið sléttað. Innan túngarðsins eru nokkrar glöggar tóftir frá búsetu á 19. öld en einnig mótar fyrir eldri tóftum.

Farvegur Hrafnsárinnar hefur verið fjarri bæjarstæðinu þegar fyrsta býlið reis og í dag er hluti túnsins og túngarðsins komin undir skriðu árinna. Ekki er gott að gera sér grein fyrir hvenær skriðan hljóp yfir túnið og braut túngarðinn. Þó er greinilegt að ábúendur Hrappsár á 19. öld hafa ekki séð ástæðu til að hlaða hann upp.

Býlið hefur augljóslega dregið nafn af ánni sem það stendur við, en hún hefur lengst af heitið Hrappsá en á síðari árum afbakast í Hrafnsá. Í örnefnaskrá frá 1938 er Hrappsárnafnið notað en í Jarða og búendatali frá 1953 heitir býlið Hrafnsá. Í sóknarlýsingu frá 1839 er segir að út við Hrappsána standi nýbýlið Hrappsá.<sup>14</sup> Á tuttugustu öld var farið að kalla Hrappsá, Hrafnsárkot. Í örnefnaskrá segir að í daglegu tali sé Hrafnsárkotsnafnið notað af heimamönnum.<sup>15</sup>


### Lýsing minja

Fornlegur jarðsokkinn túngarður [1] umlykur tún sem er 118m langur frá norðri til suðurs og um 87m frá austri til vesturs. Vestasti hluti túnsins, þar með talinn túngarðurinn liggur undir skriðu sem áin hefur borið fram.

Norðarlega innan túngarðs var óglögg jarðsokkin aflöng tóft [2] sem líktist helst skála. Kjarnabor staðfesti að þarna væri um að ræða íveruhús manna frá því fyrir 1104. Afhýsi virðist

<sup>14</sup> Sýslu og sóknarlýsingar II, bls. 137.

<sup>15</sup> Örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar.



Mynd 14. Yfirlústeikning af minjum á Hrappsá.

hafa verið á skálanum á syðri langhlið en engar dyr voru greinanlegar. Tóftin lá a-v um 16m löng og um 5m breið en erfitt var að glöggva sig nákvæmlega á ytri og innri brún veggja. Um 18m suðaustan skálan var stór tvískipt tóft [3] sem líktist einna helst rétt. Borkjarni var tekinn í tóftina og reyndist hún vera frá sama tíma og skálinn. Tóftin lá sv-na, um 18m löng og 8m breið að utanmáli. Kjarni staðfesti að mannvirkið væri eldra en 1104 gjóskan og engin ummerki mannvistar gólfs var að finna í því. Réttar tilgátan er því líklega nærri lagi.

Nokkurn veginn fyrir miðju tús er svo yngsta bæjartóftin [4] frá 19. öld. Hún er 7x13 metra að utanmáli. Vel sér fyrir veggjum og skiptist tóftin niður í a.m.k 5 rými. Rétt eða matjurtagarður hefur verið vestan bæjarins. Bæjartóftin virtist á dálíttilli upphækkun og gæti staðið á eldri bæjarhúsum. Rétt vestan yngstu bæjartóftarinnar var svo samtíða tóft af fjárhúsi með áfastri hlöðu [5]. Norður undan fjárhústóftinni lágu svo jarðsokknari eldri tóftarveggir [6] og var augljóst að fjárhúsið hefur verið byggt ofan í eldri tóftir.

Syðst innan túngarðs var svo tóft af stærra fjárhúsi með áfastri hlöðutóft [7] sem einnig hefur tilheyrð 19. aldar byggðinni. Garði hefur verið fyrir miðju fjárhúsinu og innangengt úr því í hlöðuna. Grjót var ennþá vel greinanlegt í veggjum.

Tvær tóftir voru í túninu austanverðu. Önnur [8] lá í túni um 10m vestur af túngarðinum Um var að ræða kofatóft af einhverju tagi en útlit hennar benti til að hún væri eldrei en 19. aldar bærinn en þó yngri en skálatóftin og réttin. Lítið afhólf eða rétt [9] var svo upp við austanverðan túngarðinn og áföst honum. Sú tóft hefur því verið samtíða seinustu endurgerð túngarðsins.

Um 10m norðaustan skálatóftarinnar var tóft [10] að því er virtist tvískipt og var nokkuð djúp gryfja í vesturenda hennar. Smá kofatóft var í austurenda en hún virtist geta verið yngri en tóftin sem gryfjan var í. Sú tóft virtist yngri en aðrar 19. aldar tóftir á svæðinu en ekkert verður þó fullyrt um aldur.

Nyrst í túninu var hálf hringlaga garðlag [11] sem skriðan sem liggur yfir vesturenda túns hefur að hluta fallið yfir. Garðlagið eða gerðið var um 16m frá norðri til suðurs en um 11m frá austri til vesturs en þá vantar inn vesturhluta garðsins. Ekki varð ráðið af borkjörnum hvort garðlagið væri úr torfi en rótaðar torf og ruslaleifar voru undir 1300 gjóskunni. Þar sem grjótskriðan sem huldí vesturhlið túns lá yfir vesturhluta gerðisins varð ekki fullyrt hvort garðlagið var alveg hringlaga. Hafið garðlagið verið hringlaga hefur lögun þess og stærð verið áþekk kirkjugörðum úr frumkristni. Minjarnar voru þó of óglöggar til að hægt væri að staðfesta það. Einnig gætu þetta verið leifar af rétt, en ekki verður skorið úr því nema með frekari rannsókn.

## Rannsóknir 2013

Listi yfir kjarna er að finna í töflu 5 aftast í skýrslu.

Teknir voru fimm borkjarnar í þær minjar sem fornlegastar voru. auk þess sem hreinsuð voru upp tvö rofsnið sem myndast höfðu í túngarðinn.

Borkjarnarnir í meinta skálatóft staðfestu að þar hefur sannanlega verið mannbústaður eldri en gjóskan frá 1104. Tvíhólfa rétt sunnan skálans reyndist einnig eldri en 1104 gjóskan. Hálf hringlaga garðurinn reyndist eldri en 1300 en ekki fundust ummerki um 1104 gjóskuna í kjarna.



Mynd 15. Jarðlög í sniði 1, austursniði í túngarðinn. Hvítu flekkirnir eru 1104 gjóskan sem er rótaðri ofarlega í skurði þar sem að garurinn hefur fallið inn á við. Neðar í sniðinu er torfið hinsvegar óhreyft og lagskiptara. Neðst í skurði má sjá 1104, mögulega óhreyft en gula lagið neðst í holunni er forsöguleg gjóska úr Heklu, svokölluð H3. Ljós. GZ.

### Snið 1 – í túngarð

Snið var hreinsað í norðanverðan túngarðinn þar sem að jarðýtuslóð hafði myndað rofsnið í hann. Sniðið var hreinsað upp og grafnir um 40cm niður fyrir garðinn til að komast niður á óhreyfð jarðlög. Í sniðinu kom fram 50cm hár torfveggur sem reistur hefur verið eftir 1104. H1104 gjóskan virtist óhreyfð undir veggnum en þar undir var svo rótaðra torf með H3

gjóskunni, um 8-10cm þykkur bunki. Algengt er að torf eða jarðvegur séu notuð til að púkka undir veggum svo að undirlag þeirra sé sem sléttast sem gæti útskýrt torfrótið. Hinsvegar verður að teljast nokkuð áhugavert að 1104 gjóskan virtist liggja yfir þessu óhreyfð. Þá hefur lagið fallið á sama tíma og menn hafa verið við að reisa vegginn. Ekki er þó útilokað að lagið hafi legið neðst í torfu sem náð hefur yfir þvera holuna sem grafin var. Ljóst er þó að túngarðurinn hefur fyrst verið hlaðinn eftir gjóskufallið 1104 en í sniðinu komu ekki fram óbyggjandi merki annarrar gjósku hvorki í torfinu eða ofan garðsins.



Mynd 16. Snið 2 í austurhlíð túngarðs. Efst í sniðinu má sjá endurteknar línur gráleitrar gjósku, H1300. Ljós. GZ.

### Snið 2 – í túngarð

Annað uppblástursnið var hreinsað í autanverðum túngarðinum. Þar voru jarðlög svipuð og í sniði 1, nema hvað þar hafði garðurinn augljóslega verið gildaður upp eftir 1300. Heklugjóskan frá 1300 var í torfinu efst í garðinum. Ekki var hægt að staðfesta jarðvegslög neðst í veggnum þar

sem að vatn safnaðist fyrir neðst í skurði enda lá lækjarspræna úr mýrinni utan garðs í geng um vegginn á þessum stað.

*Túlkun:*

- Ljóst er að byggð hefur verið hafin á Hrappsá á 11. öld. e.t.v. fyrr, og voru skáli, rétt og hálfhringlaga garðlag elstu byggðamerki innan túns. Túngarðurinn bendir þó til að búið hafi verið á Hrappsá eftir 1104, e.t.v. allt til 14. aldar. Menjar um þá byggð liggur líklega undir 19. aldar byggðaleifunum. Ljóst er þó að bærinn hefur legið lengi í eyði áður en hann byggðist aftur í nokkra áratugi á 19. öld.



## Stafn



Mynd 17. Horft fram Deildardal. Fornt bæjarstæði og skálatóft fyrir miðri mynd. Ljós. GZ.

Stafn var innsta byggða ból í Deildardal austanverðum allt til að jörðin fór í eyði árið 1925 og voru þá öll hús rifin. Bærinn og útihús í Stafni stóðu á hólum niður við bakka Deildardalsárinnar, rétt utan við ármótin þar sem árnar úr Seljadal og Vesturdal koma saman. Fremri hluti jarðarinnar var keyptur af Upprekstrarfélagi Deildardals árið 1949 og landið lagt til afréttarinnar. Það sem eftir er af landi jarðarinnar hefur verið nytjað frá Kambi og eru sömu eigendur af jörðunum. Stafn þótti góð heyskapar og landkostajörð og naut þess á vordag að eiga land að óbyggðinni framan við.

Jarðarinnar er fyrst getið í ráðsmannsreikningi Hólastóls frá árinu 1388. Þá var Stafn þegar kominn í eigu Hólastóls. Er Stafn eina jörðin í Deildardal, sem var í eigu Hólastóls á þeirri tíð.<sup>16</sup> 15. öld var jörðin ekki lengur í stólseigu en var þá talin 20 hundraða virði.<sup>17</sup> Árið 1587 keypti Guðbrandur biskup Þorláksson jörðina og var hún 30 hundruð að dýrleika.<sup>18</sup>

<sup>16</sup> DI III bls. 411.

<sup>17</sup> DI IX, bls. 711.

<sup>18</sup> Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar bls. 405



Mynd 18. Forn hringlaga garðlag, ein þriggja minja á Kotinu sem eru eldri en 1104 gjóskan. Ljósm. GZ.

### Kot í landi Stafns

Leifar fornbylís fundust við vettvangsrannsóknir sumarið 2013. Um var að ræða tvær aflangar fornlegar tóftir og hringlaga gerði en einnig var þar að finna yngri minjar,

tóftir af fjárhúsum, rétt og öðrum tóftum. Minjarnar liggja í nokkurri brekku um 600 metrum utan (vestan) við Stafn um 70-100m upp frá Deildardalsá.

Einu heimildir um hjáleigu eða afbýli frá Stafni er að finna í örnefnaskrá Jóns H. Árnasonar frá 1938 en þar segir: „Utan við túnið á Stafni er tóft, sem er grasgróin. Það heitir á Koti. Til forna mun þetta hafa verið hjáleigukot frá Stafni".<sup>19</sup> Þessi lýsing er skásta ritaða heimildin um það sem mætti kalla fornbylíð Kot í landi Stafns. Steinar Þórðarson frá Háleggsstöðum er enn stuttorðari í sinni örnefnalýsingu fyrir Stafnsland. „Næst Strangalæk er Magnúsarengi og nær suður að Jarðfalli. Þar er Kotið á hólrana".<sup>20</sup>


Ekki er getið um hjáleigu frá Stafni í jarðabókinni árið 1709 eða yngri jarðarlýsingum. Þetta eru furðulega litlar upplýsingar um þetta býli sem þó augljóslega hefur verið þarna í fyrndinni.

### Lýsing á minjunum

Frekari lýsingar á niðurstöðum kjarnaborana má finna í töflu 6 aftast í skýrslu.

<sup>19</sup> Örnefnaskrá Jóns H. Árnasonar.

<sup>20</sup> Örnefnaskrá Steinars Þórðarsonar.



Mynd 19. Yfirlitstekning af minjum á Koti í landis Stafns í Deildardal.

Tóftirnar lágu á tveimur aflöngum hólbungum í nokkuð brattri brekku og var mýrlent í lægðunum á milli. Skálatóft [1] lá þvert á hlíðina í stefnuna nnv-ssa. Tóftin var mjög jarðsokkin og veggir hlaupnir í þúfur en á yfirborði virtist tóftin vera um 20m á lengd og rétt um 4m breið að innanmáli. Hún lá á dálítilli upphækkun sem bent gæti til að hækkað hafi verið undir hana að hluta þar sem hún var byggð í nokkrum halla. Tóftin gæti hafa verið tvískipt en nokkuð var það óglögg. Í kjörnum komu fram ummerki mannvistar, t.a.m. gólflög með kolum viðarösku og brenndum beinum. Gjóska frá 1104 lá yfir fallinni þekju og veggjum tóftarinnar sem bendir

til að skálinn hafi verið aflagður þegar gjóskan féll. Í það minnsta voru engin ummerki um mannvist eftir 1100. Dyr hafa verið á skálanum rétt sunnan við miðjan suðvestur langvegg. Dálítill hólbunga er skammt sunnan tóftarinnar og staðfesti kjarnabor að þar væri að finna ruslahaug tengdan skálanum.

Tvískipt, yngri tóft [2] liggur ofan á skálatóftinni norðantil. Tóftin er tvískipt og gæti verið leifar stekkjjar þótt ekki verði það fullyrt. Tvær smærri tóftir [3 og 4] liggja svo norðan skálans, önnur að hluta á norðaustur langvegg hans. Þær tóftir eru yngri en skálatóftin. Kjarni sem tekinn var í tóft 4 staðfesti að hún var reist ofan á byggingu sem byggð hefur verið eftir 1100 en aflögð fyrir 1300.

Skálatóftin liggur efst á á hólrana en um 8m neðan hennar eru yngri tóftir fjárhúss og hlöðu [5] og er rétt eða stór heytóft [6] áföst norðan hlöðunnar. Þessar tóftir voru nokkru yngri en skálatóftin en veggir þó hrundir og grónir. Þó var grjót enn vel greinanlegt í veggjum. Vera kann að þarna sé um að ræða tóftir sem tilheyrta hafi afbýlinu sem kallað er Kot en þó gætu þarna hafa verið beitarhús frá Stafni.

Um 15m neðan (suðvestan) fjárhúsanna, á sama hólrana, var tóft [7] með fremur óglöggum veggjalögum. Tóftin lá nv-sa á dálítilli upphækkun og virtust a.m.k. tvö hólf í henni. Í nyrðri hluta tóftarinnar var nokkuð djúp dæld og niðurgrafin renna frá henni til suðvesturs frá tóftinni. Syðri hlutinn samastóð af tveimur tóftaveggjum sem mynduðu hólf um 5x3m langt. Heildarlengd tóftabungunnar var um 12m. Óvíst er hverskyns byggingu um var að ræða en hún er þó mun yngri en skálatóftin og gæti tilheyrta Kotinu sem svæðið dregur nafn sitt af.

Leifar tveggja mannvirkja eru svo á hólrana sem lá samsíða þeim sem tóftir [1-7] voru. Fyrst er að nefna nánast hringlaga garðlag [8] um 14m frá tóft nr. 7. Garðlagið var um 10x13m að innanmáli og virðist liggja á töluverðri upphækkun. Hvort sú upphækkun er manngerð varð ekki ráðið en svæðið innan gerðisins hefur verið slétt þó að tóftin liggja í nokkurri brekku. Garðlagið var þó nokkuð jarðsokkið og svæðið innan þess orðið þýft. Vera kann að tóft hafi verið innan gerðisins suðvestanverðu en veggir voru þó næsta óljósir og sokknir. Hlið eða dyr voru ekki sýnilegar inn í gerðið. Gjóskan frá 1104 lá yfir veggjum gerðisins sem bendir til að það hafi verið í notkun á sama tíma og skálinn. Vera kann að þarna sé um að ræða rétt af einhverju tagi en lögun mannvirkisins svipar einnig til kirkjugarða úr elstu kristni. Stærð mannvirkisins kann þó að benda til að frekar sé um rétt að ræða en ekki verður skorið úr því nema með frekari rannsókn.

Um 10m ofan við gerðið, rétt um 30m suður af skálanum var 12m löng og um 3m breið fornleg tóft [9]. Öfugt við skálann lá tóftin upp í brekkuna og virtust dyr hafa verið á norður skammvegg. Tóftin lá nna-ssv og voru veggir mjög jarðsokknir og hlaupnir í þúfur. Ekki verður fullyrt um hlutverk byggingarinnar en engin merki mannvistar fundust í kjörnum sem teknir voru í tóftinni. Þarna er því líklega um útihús að ræða, e.t.v. fjós. Kjarnar sem teknir voru í tóftina bentu til að hún sé frá sama tíma og skálinn og gerðið.



*Mynd 20. Horft yfir Deildardalsá upp í brekkuna að Kotinu sem er fyrir miðri mynd. Elstu byggðaleifarnar voru orðnar mjög jarðsokknar og samsamaðar stórþýfinu umhverfis. Hvers vegna byggð hefur lagst þarna af í upphafi er óvíst en hægt að fullyrða að elstu tóftirnar hafa ekki tilheyrt neinu kotbýli.. Ljós. GZ*

Tvær smærri tóftir [10 og 11] lágu á hólum 60 og 100m utan og norðvestan skálatóftairnnar. Báðar gætu þær verið af heytóftum en þó virtist sem sjá mætti dyr til norðurs úr smærri tóftinni og kann þar að hafa verið einhverskonar kofatóft fremur en heystæði. Tóftirnar hafa líklega tilheyrt seinni tíma heyskap á Kotinu.

Enginn ummerki túngarðs fundust og virðist því tún hafa verið ógirt, bæði á fornþýlinu sem og mögulegu seinni tíma afþýli. Ólíklegt verður að teljast að leifar skálans og tóftanna samtíða honum hafi gengið undir nafninu Kot en vera kann að aðrar tóftir á svæðinu hafi tilheyrt seinni tíma afþýli sem kallast hefur því nafni. Hvort þarna hefur verið upphaflegt bæjarstæði Stafns skal ekki fullyrt en þó er víst að þarna hefur verið býli sem aflagt hefur verið um 1100.

## Rannsókn 2013

Listi yfir kjarna sem teknir voru eru í töflu 6 aftast í skýrslu.

Teknir voru borkjarnar í tóftir á Kotinu. Lagðar voru út línur þvert í gegn um meinta skálatóft og hringlaga gerði syðst á svæðinu. Einnig voru kjarnar teknir í ruslahaug, meinta fjóstóft og yngri tóftir. Borkjarnar voru teknir á eins til tveggja metra bili. Skálatóftin, hringlaga gerðið og útihúsatóftin eru líklega samtíða en allar eru þær frá því fyrir 1104. Í gólfi tóftar [4] norðan skála var torf sem innihélt 1104 gjóskuna en Heklugjóskan frá 1300 virtist liggja yfir því. Skálinn er aflagður þegar að 1104 gjóskan féll en torfið nyrst á bæjarstæðinu virðist benda til

að þar hafi verið einhverjar byggingar eftir þann tíma sem aflagðar voru fyrir 1300. Ekki komu fram neinar afgerandi niðurstöður um aldur annarra tófta.

*Túlkun:*

- Búið hefur verið á Kotinu á 10-11. öld og er þar þá að því er virðist stæðilegur skáli, mögulega fjós og hringlaga gerði. Þessar minjar eru aflagðar fyrir 1104. Yngstu tóftir á svæðinu eru fjárhús og hlöðutóft sem gæti verið 19. -20. aldar bygging. Leifar eldri ógleggri tófta á svæðinu gætu svo verið menjar kotsins sem svæðið er nefnt eftir.

## Stafshóll (Stafnshóll)



Mynd 21. Horft til vesturs yfir leifar fornþýlis á Stafshólsstekk. Þórðarhöfði og Drangey í baksýn. Ljósm. GZ.

Stafshóll er við mynni Deildardals að sunnan en var til forna talinn til Höfðastrandar. Nú er Stafshóll almennt sagður neðsti bær í Deildardal, sunnan Deildardalsár. Bærinn stendur norðvestan í svonefndri Stafshólsöxl.

Bæjarnafnið er skrifað ýmist Stafshóll eða Stafnshóll. Elstu heimildir um býlið er líklega að finna í Landnámabók en þar segir frá Oddleifi staf. Foreldrar hans voru Hrafna-Flóki og Gró, systir Höfða-Þórðar, en Oddleifur bjó að Stafshóli og deildi við Hjaltasonu á Hofi í Hjaltadal. Í Landnámabók er einnig getið Arnórs, sonar Nafar-Helga, landnámsmanns á Grindli í Fljótum, Arnór barðist við Friðleif á Stafshóli. Stafshóll er því án vafa upprunalega bæjarnafnið.<sup>21</sup>

Jörðin hefur vafalítið verið í einkaeign lengi fram eftir öldum en Oddleifur stafur, Hrafna-Flókason, virðist hafa verið fyrsti eigandi hennar ef marka má Landnámabók. Nafn jarðarinnar er ekki að finna í ráðsmannsreikningi Hólastóls frá 1388 og hún því trúlega ekki komist í eigu Stólsins fyrr en á fimmtánda öld. Stafshóll var ein þeirra jarða sem Hólabiskupar bröskuðu með og gekk oft kaupum og sölum.

<sup>21</sup> Íslendingasögur I, bls. 151. Reykjavík 1946.


Jörðin var fyrr á öldum talin 24 hundruð að dýrleika en en 17. öld og síðar var hún metin 20 hundruð.<sup>22</sup>

### Stafshólsstekkur

Í Jarðabókinni frá árinu 1709 er minnst á hjáleigu frá Stafshóli, sem þá þegar var komin í eyði: „Hjáleigugrey hefur hér eitt verið, og sú ein grasnyt sem heimabóndinn léði, ætla menn goldist hafi 20 eða 30 álnir. Ekki má hér aftur byggja nema jörðinni til skaða.<sup>23</sup> Trúlega hefur þessi hjáleiga verið þar sem heitir Stafshólsstekkur skammt neðan Stafshóls. Þar er glöggur túngarður í kringum tvo byggingarhóla.

### Lýsing minja

Túngarðurinn [1] er nokkuð stæðilegur, allt að metri að hæð og um 2m breiður. Hann umlykur túnstæði sem er um 100m langt frá nv-sa og um 60m þar sem hann er breiðastur. Óglöggur garður [3] virðist svo þvera svæðið rétt sunnan mögulegs bæjarhóls. Hvort túnið hefur verið stækkað eða minnkað einhvertímann eða uppskipt skal ekki fullyrt.



Mynd 22. Yfirlitstekning sem sýnir minjar á Stafshólsstekk.

Eins og áður segir eru tveir hólar innan túnsins. Vestari hóllinn er líklegur bæjarhóll, 21x6 m að ummáli en ekki mótar fyrir glöggum útlínum bygginga á honum en dældir í hólnum benda til að þar hafi verið tvískipt eða þrískipt tóft [2]. Á hinum hólnum sunnar í túninu eru tvær tvískiptar tóftir, líklega stekkjartóftirnar sem svæðið dregur nafn sitt af. Tóftirnar liggja samsíða sú stærri suðvestan við um, 11x3 metrar að stærð. Fast norðaustan hennar er smærri tóft 8x4m að stærð. Báðar eru tóftirnar auðsjáanlega mun yngri byggingar en túngarðurinn og tóftin á meintum bæjarhóli. Skammt vestan túngarðsins er óglögg fornleg tóft 6x5 m og er hún hulin lynggróðri.

### Rannsókn 2013

Listi yfir kjarna sem teknir voru eru í töflu 7 aftast í skýrslu.

Teknir voru kjarnar í túngarðsvegg, meintan bæjarhól og forna tóft utan túngarðs. Einungis voru teknir fimm borkjarnar þar sem að niðurstöður voru nokkuð afgerandi. Kjarnar í túngarðinn

<sup>22</sup> JÁM IX, bls. 239.

<sup>23</sup> Sama heimild, bls. 239.



bentu til að hann væri reistur eftir 1104 en aflagður fyrir 1300 sem lá óhreyft yfir garðinum. Sama var að segja í kjarna sem tekinn var í bæjarhólinn en þar komu fram leifar mannvistar, kol og móaska. Tóftin utan túngarðs virðist einnig fallin fyrir 1300. Sé hér um að ræða hjáleigu “greyið“ sem nefnt er í Jarðabókinni hefur það verið nokkuð löngu aflagt þegar hún var rituð. Það er þó ekki útilokað að einhver byggð hafi verið þarna í styttri tíma eftir að býlið sem túngarðurinn tilheyrði var aflagt.

*Túlkun:*

- Býlið sem afmarkað er af túngarði á Stafshólsstekk hefur verið í byggð eftir 1104 og túngarðurinn hefur a.m.k. verið fallinn áður en að 1300 gjóskan féll.

## Höfðaströnd



Mynd 23. Horft yfir túngarð og sauðhústóft á Nýlendiskoti (rétt vinstra megin við miðja mynd). Yngri túngarður liggur til beggja átta frá tóftinni. Bæjarstæði frá 11. öld liggur undir fjárhústóftinni. Ljósm. GZ.

### Nýlendi

Nýlendi er eyðibýli sem á land á milli Grinda í Deildardal að austan og Ennis á Höfðaströnd að norðan. Elsta heimild um býlið er í kaupbréfi frá 15. öld er jörðin var seld Hólastóli en þá var hún metin á 25 hundruð.<sup>24</sup> Í Jarðabókinni frá 1709 er jörðin tvíbýl og metin á 35 hundruð<sup>25</sup> en 40 hundruð þegar hún var seld frá stólnum árið 1802. Í jarðabók Johnsens frá 1847 er jörðin hinsvegar metin á 36 hundruð.<sup>26</sup> Nú er Nýlendi í eigu Laugabóls ehf.<sup>27</sup>

Núverandi steinsteypt íbúðarhús stendur á Langahóli um 60m suður af Bæjarhóli þar sem enn sjást uppgrónar rústir torfbæjarins. Þar stóð gamli bærinn bærinn uns núverandi íbúðarhús var byggt árið 1942.

Hjáleiga eða afbýla er ekki getið í jarðabókinni frá 1709 en þó hafa leifar tveggja slíkra verið í landareigninni. Annars vegar voru það leifar ónefnds býlis, túngarðs og tófta sem lágu í Nýlendishvammi við Deildardalsá, rétt sunnan Deildardalsvegar. Ingólfur Jónsson bóndi á Nýlendi lét í sinni búskapartíð jafna bæði tóftirnar og garðinn með jarðýtu og hugðist rækta þarna kartöflur, ekkert varð svo af þeim áformum.<sup>28</sup> Nýlendiskot heita svo túngarðs- og

<sup>24</sup> DI IV, bls. 553-554.

<sup>25</sup> JÁM X, bls. 244.

<sup>26</sup> Jarðabók Johnsens 1847, bls. 270.

<sup>27</sup> Veðmálabækur Skagafjarðar nr. 161/2007.

<sup>28</sup> Svanhildur Guðjónsdóttir, munnleg heimild 2013.

tóftaleifar um 300 m út og upp frá bæjarhúsum á Nýlendi, skammt ofan hagagirðinga. Þar segja munnmæli að hafi verið búið en engar ritaðar heimildir styðja þær sagnir. Talið er að þar hafi verið sauðahús en í örnefnaskrá er ekki að finna haldbærar upplýsingar um kotið.

### Fornbýli á Nýlendiskoti

Á Nýlendiskoti er gróinn túnskiki. Við fyrstu sýn sést þar greinilegur túngarður umhverfis vallendisgróið tún sem mælist um 0,7 ha. Heyjað var í Nýlendiskoti fram eftir 20. öldinni, a.m.k. til 1945 og var heyið flutt heim á reiðingshestum að sumrinu.<sup>29</sup> Þegar betur er að gáð sést að mun eldri túngarður liggur utan um þann sem áður er nefndur. Er sá garður horfin á köflum en vel greinilegur að stærstum hluta, sérstaklega að norðan og austan. Að sunnan er nýrri garðurinn byggður ofan á þann eldri, sem er býsna stór og augljóst að hann hefur ekki verið hlaðinn í kringum neitt kotbýli.




Mynd 24. Horft til norðurs eftir eldri túngarði sem umlykur yngri túngarð og minjar á Nýlendiskoti. Ljósmynd GZ.

### Lýsing minja

Fornlegur jarðsokkinn túngarður [1] umlykur yngri og betur standandi túngarð [2] og aðrar byggðaminjar á Nýlendiskoti. Mjög greinileg tóft er efst í miðju túni [3], snýr austur/vestur eða þvert á túngarðinn að ofan, um 6 x 10m að utarmáli. Dyr hafa verið á vesturhlið. Heytóft hefur verið þar austan við, um 4x6m. Veggir standa að nokkru leyti og sér víða í grjóthleðslur. Væntanlega er þetta sauðahúsið sem munnmæli geta um. Í suðausturhorni túngarðsins er lítil tóft [4], um 2x2m, en erfitt er að geta sér til um hvers konar hús þar hefur verið. Óglöggur veggur liggur til norðurs frá tóftinni á 3m kafla og myndar afhólf upp við réttina. Fjórhusin/sauðahúsin liggja ofan á nokkurri upphækkun sem virðist manngerð. Borkjarnar staðfestu að í hólnum var ruslahaugur [6] eldri en gjóskan frá 1104. Haugurinn hefur þá legið í á fornu bæjarstæði og hefur skálinn líklega legið þvert á brekkuna undir sauðahúsunum. Ekki sáust þó nein merki hans á yfirborði.

Rúmlega 60m norðan við sauðhústóftina, innan við yngri túngarðinn, eru samliggjandi L laga tóftir [5], sú sem snýr þvert á túngarðinn er tvískipt 5m breið og 11m löng. Til suðurs frá henni meðfram túngarðinum er 9m löng og 4m breið tvískipt tóft. Þessar tóftir virðast vera eldri en hinar syðri, þó ekki sé það óyggjandi. Lækjarsytra úr Hrossadal kemur niður undir túngarðinn að norðanverðu, skammt utan við nyrðri tóftirnar. Tóftirnar eru nokkru eldri að sjá en sauðahúsin [3] og vera kann að þau séu frá þeim tíma sem byggð hefur verið á kotinu.

<sup>29</sup>Svanhildur Guðjónsdóttir, munnleg heimild 2013.



Mynd 25. Yfirlitsteikning af minjum á Nýlendiskoti.

Á melunum nokkuð víða norðan og vestan við bæjarstæðið á Nýlendi eru litlar grjóthleðslur sem ekki virðast vörður eða smalakofar. Hafa þær líkandi með heiðnum kumlum og svo virðist sem að á a.m.k. einum stað hafi þau verið grafin upp. Víðar á melum vestar í landareigninni er að finna grjóthleðslur sem svipar til kumla en engin rannsókn hefur farið fram til að staðfesta það. Þær grjóthleðslur sem mældar voru upp haustið 2013 hafa númerin 7-15 á meðfylgjandi yfirlitsmynd.

Ruddur vegur [16] var upp að yngri túngarðinum frá túni á Nýlendi. Við hlið hans upp að eldri túngarðinum var upphækkað garðlag. Þetta garðlag má greina eftir hliðinni milli jarðanna Nýlendis og Grinda en hann verður heldur ógleggri eftir því sem innar dregur í dalinn. Líklega er um að ræða upphlaðinn veg.

### Rannsóknir 2013

Minniháttar fornleifakönnun var gerð á minjum á Nýlendiskoti. Fjórir borkjarnar voru teknir í meintan bæjarhól og umhverfi hans. Í ljós kom að undir tóft sauðahúsanna voru leifar forns bæjarstæðis sem virðist hafa verið í notkun fyrir 1104. Rofsnið sem var í eldri túngarðinum var hreinsað og skoðað. Túngarðsveggurinn var þar um 60cm hár og í honum var torf með miklu af H3 gjóskunni en enginn vottur af 1104 eða 1300 gjóskunum. Engin gjóska var greinanleg yfir eða upp að veggnum. Ekki var því hægt að tímasetja hann frekar þó ólíklegt megi teljast að 1104 gjóskan sæist ekki í torfi hafi það verið tekið eftir að hún féll. Einnig var skoðað minna rofsnið í yngri garðinn. Ekki var hægt að greina frekar torfið sem var í garðinum en hann hefur

verið reistur ofan á H1104 gjóskunni óhreyfðri. Hann er þó vafalítið töluvert yngri sé mið tekið af því hve glöggur hann er.

*Túlkun:*


- Þarna hefur verið býli á a.m.k. 11. öld sem líklega er komið úr byggð mjög snemma, e.t.v. þegar á 11. öld. Kotið sem svæðið er nefnt eftir er í byggð eftir 1104, líklega töluvert síðar. L laga tóftir uppi við yngri túngarðinn tilheyra því líklega.

## Gröf/Grafargerði

Borkjarnar voru teknir á þremur stöðum á Höfðaströnd. Tveir staðanna, beitarhús og möguleg seltóft eru nú í landi Grafargerðis en voru fyrrum í landi Grafar.

## Beitarhús í Haga

Hagi er graslendi austarlega í landi Grafargerðis og þar eru tóftir beitarhúsa, fjárhúsa og hlöðu. Þessar minjar voru fyrrum í landi Grafar. Kjarni var tekinn í gólf hlöðutóftarinnar og kom þar í ljós gólfslag sem í voru kol og brennd bein. Það bendir til að þarna hafi menn hafst við og jafnvel verið búið til styttri tíma. Torf yfir gólfi var með H1300 gjóskunni og er því yngra en það en ekki var hægt að tímasetja minjarnar nánar.




### Túlkun:

- Þarna hefur verið einhverskonar búseta, líklega til skamms tíma, e.t.v. á 17.-18. öld, varla fyrr.

Mynd 26. Beitarhús í Haganum. Á teikningunni sést staðsetning kjarna sem tekinn var í gólf beitarhúsatóftarinnar.

## Möguleg seltóft í Haga



Mynd 27. Mynd 28. Forn tóft í Haganum í landi Grafargerðis. Númer sýna staðsetningu kjarna sem teknir voru í tóftina.

Í svokölluðum Haga í landi Grafargerðis, fyrrum Grafarlandi eru jarðsokknar og fornlegar tóftir. Um er að ræða aflanga tóft um 10m langa og 5m breiða sem hefur skipst í þrjú eða fjögur hólf. Tóftin líkist einna helst seltóftum en engar heimildir eru um selstöðu í Haganum. Tóftirnar liggja á dálítilli upphækkun sem bendir til að þær standi á eldri minjum Kjarnar sýndu að torfið í veggjum tóftarinnar hafi verið tekið eftir að 1104 gjóskan féll. Dökk gjóska mögulega H1300 lá yfir rótuðu mannvistarlagi sem innihélt kol og brennd

bein.

### Túlkun:

- Þarna hafa menn hafst við milli 1104 og 1300. Eldri tóftir gætu legið undir minjunum. Útlit og aldur tófta bendir til að þarna kunni að hafa verið haft í seli.

## Miðgerði

Um 800m norðvestan Grafar, rétt um 50m vestur af Siglufjarðarvegi eru nokkrir hólar umluktir jarðsokknum túngarði. Túngarðurinn hefur myndað tústæði um 115m langt frá nv-sa og 90m frá na-sv. Engar heimildir eru til um býli á þessum stað en svæðið nefnist Miðgerði. Á hólunum standa tóftir yngri útihúsa, fjárhúsa og e.t.v. réttar. Teknir voru tveir kjarnar í túngarð og tóftahól. Túngarðurinn reyndist reistur eftir 1104 en engin gjóska fannst ofan hans. Kjarni var tekinn var í gólf yngri fjárhústóftar á einum hólanna innan túngarðs. Þar kom fram gólf í mannabústað sem hefur verið aflagður nokkuð löngu áður en 1766 gjóskan féll.

### *Túlkun:*

- Þarna hefur verið býli eftir 1104 en aflagt löngu fyrir 1766, e.t.v. á 14.-15. öld.

## Samantekt

---

Sumarið og haustið 2013 fóru fram fornleifarannsóknir á 11 stöðum í Skagafirði í tengslum við ritun sjöunda bindis Byggðasögu Skagafjarðar. Fleiri staðir voru að auki mældir upp en uppmælingar og frekari lýsingar munu verða í næsta bindi sem ætlað er að komi út 2014.

Minjarnar voru af ýmsum toga en segjast verður að hár aldur flestra þeirra hafi komið rannsakendum nokkuð á óvart. Áður óþekkt fornbylí voru staðfest í landi Nýlendis á Höfðaströnd og Stafns í Deildardal. Á báðum stöðum fundust leifar bæja sem aflagðir hafa verið fyrir aldamótin 1100 en gætu jafnvel verið frá upphafi byggðar. Hvort þarna eru upphafleg bæjarstæði Nýlendis og Stafns verður þó ekki fullyrt án frekari rannsókna. Byggðasaga Hrappsár (Hrafnsár) í Deildardal og Spánár í Unadal var lengd um nokkur hundruð ár en á báðum stöðum komu fram ummerki um byggð fyrir 1104. Spánár er fyrst getið í skjölum á 16. öld en engar heimildir eru um byggð á Hrappsá fyrr en á 19. öld. Á svokölluðu Miðgerði í landi Grafar komu í ljós leifar fornbylís, líklega frá miðöldum og á síðari öldum hefur verið búið á Pönglaskálaseli í Unadal. Um hvorugan þessara staða finnast ritheimildir eða munnmælasögur. Ummerki fornbylís voru rannsökuð á Stafshólsstekk í landi Stafshóls í mynni Deildardals. Heimild er til frá 18. öld um að háleiga hafi fyrrum verið í Stafshólslandi en niðurstöður rannsókna benda til að þar hafi byggð verið aflögð um 1300. Á tveimur stöðum í svokölluðum Haga í landi Grafargerðis fyrir minni Deildardals fundust skammtímabústaðir manna sem áður voru engar heimildir fyrir.

Á Svínavöllum var afsönnuð sú kenning að bæjarstæðið hefði fyrrum staðið neðar en það síðar gerði. Rannsóknir á Grafarseli gáfu ekki óyggjandi niðurstöður um aldur. Annars var ekki farið í frekari aldursgreiningu selja sem skrifast á fjölda þeirra og hve tímafrekar rannsóknir þeirra hefðu orðið. Nokkur seljanna voru mæld upp og búið er að hnitsetja öll sel sem fundist hafa.

Rannsóknir sumarsins urðu nokkuð umfangsmeiri en ætlanir stóðu til í upphafi. Það er að hluta til vegna þess að eftir fyrstu vettvangsferðir á staði sem einungis var ætlunin að mæla upp, kom í ljós að um mjög fornar byggðaleifar væri líklega að ræða. Þar sem yfirlýstur tilgangur rannsóknarinnar er að bæta við þekkingu á byggð sem engar aðrar heimildir ná yfir, þótti nauðsynlegt að skoða staðina nánar. Sækja þurfti um frekara rannsóknarleyfi og fara svo aftur á vettvang.

Með tiltölulega einföldum rannsóknum hefur því miklu verið aukið við fyrirliggjandi þekkingu á skagfirskri fornbyggð. Búið fylla í sögu einstakra bæja og byggðahluta auk þess sem fjöldi áður óþekkttra og nafnlausra byggðaleifa hefur verið kortlagður. Ætlunin er að kanna nánar nokkra staði sumarið 2014, auk þess sem farið verður að hyggja að næstu viðfangsefnum samstarfsins.



## Heimildir

---

### *Prentaðar heimildir*

*Bréfabók Þorláks byskups Skúlasonar (1979)*. Heimildaútgáfa Þjóðskjalasafns I. Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum III*. Copenhagen: Hið Íslenska bókmenntafjelag 1896.

*Diplomatarium Islandicum IV*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag 1897.

*Diplomatarium Islandicum VII*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1903-1907.

*Diplomatarium Islandicum IX*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1909-1913.

*Íslendingasögur I (1946)*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík

Ólafur Olavius (1964). *Ferðabók I*. Reykjavík.

*Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II. Skagafjarðarsýsla (1954)*. Safn til landfræðisögu Íslands. Akureyri

### *Óprentaðar heimildir*

Hsk. 403. Fol.

Jarðabók 1849. JS 114 fol. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Örnefnalýsing úr Deildardal Jón H. Árnason.

Örnefnaskrá Hrappsár. Rósmundur Invarsson skráði.

Örnefnaskrá Stafns. Steinar Þórðarson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Veðmálabækur Skagafjarðar 161/2007.

Veðmálaskrár nr. 4756.

# Fylgiskjöl

## Byggðasögurannsókn 2013 - ljósmyndaskrá

Mynd	Stærð	Dags.	Mappa	Lýsing	Tekið (i)	
CRW_7156	2417	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	Kjarni 3 - efri hluti - í tóft vestan túngarðs	Að ofan
CRW_7157	2270	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	Kjarni 3 - neðri hluti - í tóft vestan túngarðs	Að ofan
CRW_7158	2332	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	Kjarni 4- efri hluti - tekinn í tóft vestan túngarðs	Að ofan
CRW_7159	2519	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	Kjarni 4 - neðri hluti - tekinn í tóft vestan túngarðs	Að ofan
CRW_7161	2399	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	Kjarni 5 - tekinn í meintan bæjarhól	Að ofan
CRW_7176	2285	27.8.2013	GZ	Miðgerði	Kjarni 1 í gólf mögulegs bæjar á Miðgerði í landi Grafar á Höfðaströnd	Að ofan
CRW_7178	2551	27.8.2013	GZ	Miðgerði	Kjarni í túngarð sem ekki var skráður	Að ofan
CRW_7179	2645	27.8.2013	GZ	Miðgerði	Kjarni 2 - efri - hluti - í túngarð á Miðgerði í landi Grafar á Höfðaströnd	Að ofan
CRW_7180	2678	27.8.2013	GZ	Miðgerði	Kjarni 2 - neðri hluti - á Miðgerði í landi Grafar á Höfðaströnd	Að ofan
Deildardalur 2013_1	8008	19.8.2013	KG	Deildardalur	Forn garður í Bjarkáskriðu	S
Deildardalur 2013_2	6003	23.7.2013	KG	Miklabæjarsel	Í hvammi við Seljadalsána um 400 m framan við tóftir sem álitnar eru tóftir Miklabæjarsels	N
Deildardalur 2013_3	6278	16.8.2013	KG	Deildardalur	Rétt neðst í Bjarkáskriðu	N
Deildardalur 2013_4	4435	16.8.2013	KG	Deildardalur	Eldri Deildardalsrétt	NA
Deildardalur 2013_5	6181	16.8.2013	KG	Deildardalur	Eldri Deildardalsrétt	NV
Deildardalur 2013_6	7068	19.8.2013	KG	Deildardalur	Eldri Deildardalsrétt	A
Deildardalur 2013_7	4486	16.8.2013	KG	Grafarsel	Horft yfir leifar Grafarsels	A
Deildardalur 2013_8	5043	16.8.2013	KG	Grafarsel	Horft yfir bæjartóftir og matjurtagarð á Grafarseli	SV
Deildardalur 2013_9	6278	16.8.2013	KG	Grafarsel	Útihúsatóftir á norðan bæjarstæðis Grafarsels	V
Deildardalur 2013_10	5312	16.8.2013	KG	Grafarsel	Eldri seltóftir á Grafarseli	NA
Deildardalur 2013_11	5749	14.8.2013	KG	Grafarsel	Í forgrunni myndar er Bjarkaráskriðan en yfir hana neðst til vinstri er bæjarstæði Grafarsels	A
Deildardalur 2013_12	8722	19.8.2013	KG	Grindarsel	Kvíar á Grindarseli	N
Deildardalur 2013_13	6148	16.8.2013	KG	Grindarsel	Tóftir á Grindarseli	N
Deildardalur 2013_14	4726	16.8.2013	KG	Grindarsel	Tóftir á Grindarseli	V
Deildardalur 2013_15	6284	13.8.2013	KG	Grindarsel	Tóftahóll Grindarsels er á vesturbakka Seljadalsár	S
Deildardalur 2013_16	6674	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Forn rétt á Hrafnásá	N
Deildardalur 2013_17	5405	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Kári Gunnarsson í 19. aldar bæjartóftunum á Hrafnásá	A
Deildardalur 2013_18	5745	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	19. aldar bæjartóftir á Hrafnásá	SA
Deildardalur 2013_19	5809	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Fjánhús og hlöðutóft vestast á bæjarstæði Hrafnásár	S
Deildardalur 2013_20	5819	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Kofatóft og KG austast innan túns á Hrafnásá	S
Deildardalur 2013_21	7790	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Tré sem sett hafa verið niður innan túngarðs á Hrafnásá	N
Deildardalur 2013_22	8156	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Rétt upp við túngarðsvegg á Hrafnásá	S
Deildardalur 2013_23	3446	29.8.2013	GZ	Hrafnásá	KG og snið sem tekið var í norðanverðan túngarð á Hrafnásá	A
Deildardalur 2013_24	6795	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnásá	N
Deildardalur 2013_25	5761	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnásá	A
Deildardalur 2013_26	5942	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Meint skálatóft á Hrafnásá	NV
Deildardalur 2013_27	5933	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Meint skálatóft á Hrafnásá	NV
Deildardalur 2013_28	7385	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnásá	N
Deildardalur 2013_29	5657	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnásá	NV
Deildardalur 2013_30	8274	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnásá	N
Deildardalur 2013_31	6955	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Tóft neðan bæjarstæðis á Hrafnásá fast austan niðurgraftar í túni	A
Deildardalur 2013_32	3596	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnásá	S
Deildardalur 2013_33	5190	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnásá	N
Deildardalur 2013_34	6362	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnásá	A
Deildardalur 2013_35	7482	22.8.2013	GZ	Hrafnásá	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnásá, skriða úr ánni yfir hluta túns	A

## Byggðasögurannsókn 2013 - ljósmyndaskrá

Mynd	Stærð	Dags.	Mappa	Lýsing	Tekið (i)
Deildardalur 2013_36	6109	22.8.2013	GZ	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnhá	S
Deildardalur 2013_37	5418	22.8.2013	GZ	Hringlaga gerði nyrst í túni á Hrafnhá, skriða úr ánni hefur farið yfir hluta þess	S
Deildardalur 2013_38	5779	22.8.2013	GZ	Tóft neðan bæjarstæðis á Hrafnhá fast austan niðurgraftar í túni	S
Deildardalur 2013_39	4577	22.8.2013	GZ	Snið í norðanverðan túngarð á Hrafnhá	Að ofan
Deildardalur 2013_40	4759	22.8.2013	GZ	Snið í norðanverðan túngarð á Hrafnhá	Að ofan
Deildardalur 2013_41	6392	22.8.2013	GZ	KG hreinsar snið í norðanverðan túngarð á Hrafnhá	A
Deildardalur 2013_42	4347	22.8.2013	GZ	Snið í norðanverðan túngarð á Hrafnhá	S
Deildardalur 2013_43	5835	22.8.2013	GZ	Snið í norðanverðan túngarð á Hrafnhá	S
Deildardalur 2013_44	5287	22.8.2013	GZ	Snið í norðanverðan túngarð á Hrafnhá	A
Deildardalur 2013_45	4973	22.8.2013	GZ	Snið í norðanverðan túngarð á Hrafnhá	A
Deildardalur 2013_46	4432	22.8.2013	GZ	Snið í norðanverðan túngarð á Hrafnhá	A
Deildardalur 2013_47	3906	22.8.2013	GZ	Snið í norðanverðan túngarð á Hrafnhá	SA
Deildardalur 2013_48	4673	22.8.2013	GZ	Snið í norðanverðan túngarð á Hrafnhá	SA
Deildardalur 2013_49	6336	23.7.2013	KG	Horft yfir Kambstóftir, líklega leifar Kambssels	N
Deildardalur 2013_50	9303	14.8.2013	KG	Horft yfir Kambstóftir, líklega leifar Kambssels	S
Deildardalur 2013_51	4178	16.8.2013	KG	Óglögg tóft ofan seltóftanna á Kambsseli	S
Deildardalur 2013_53	2089	15.8.2013	KG	Horft yfir hringlaga gerði og útihúsaminjar á Koti í Stafnslandi	S
Deildardalur 2013_54	7117	19.8.2013	KG	Horft yfir fornt bæjarstæði á svokölluðu Koti í landi Stafns	N
Deildardalur 2013_55	2208	19.8.2013	KG	Horft yfir fornt bæjarstæði á svokölluðu Koti í landi Stafns	N
Deildardalur 2013_56	4907	22.8.2013	GZ	Kári Gunnarsson við töku borkjarna austast í skálatóft	V
Deildardalur 2013_57	5515	22.8.2013	GZ	Horft yfir hringlaga gerði suðaustan skálans á Koti	S
Deildardalur 2013_58	6003	22.8.2013	GZ	Fjárhús, hlöðutóft og rétt sunnan skálans á Koti	S
Deildardalur 2013_59	5093	22.8.2013	GZ	Hringlaga gerði syðst í túni Kots	SA
Deildardalur 2013_60	7215	22.8.2013	GZ	Hringlaga gerði syðst í túni Kots	S
Deildardalur 2013_61	5378	22.8.2013	GZ	"Skálatóft" efst í túni á Koti í landi Stafns	A
Deildardalur 2013_62	5577	22.8.2013	GZ	"Skálatóft" efst í túni á Koti í landi Stafns	SA
Deildardalur 2013_63	4975	22.8.2013	GZ	"Skálatóft" efst í túni á Koti í landi Stafns	S
Deildardalur 2013_64	3451	29.8.2013	GZ	"Skálatóft" efst í túni á Koti í landi Stafns	V
Deildardalur 2013_65	3343	29.8.2013	GZ	Horft yfir skálatóft og aðrar tóftir á Koti	SA
Deildardalur 2013_66	6718	22.8.2013	GZ	Tóft á hól vestan tófta á Koti	SA
Deildardalur 2013_67	6443	22.8.2013	GZ	Möguleg heytóft vestan við tún á Koti	S
Deildardalur 2013_68	3333	29.8.2013	GZ	Kári Gunnarsson við líklegan ruslahaug við skálann	V
Deildardalur 2013_69	7616	22.8.2013	GZ	Kári Gunnarsson við niðurgroft, ræsi og tóft syðst í landi Kots	S
Deildardalur 2013_70	7847	22.8.2013	GZ	Niðurgroftur og ræsi úr honum neðst í túni Kots	S
Deildardalur 2013_71	5790	22.8.2013	GZ	Hringlaga gerði suðaustan skálans á Koti	A
Deildardalur 2013_72	5971	22.8.2013	GZ	Hringlaga gerði suðaustan skálans á Koti	S
Deildardalur 2013_73	3728	29.8.2013	GZ	Kári Gunnarsson við "fjóstóft" í túni Kots	N
Deildardalur 2013_74	5120	22.8.2013	GZ	Hringlaga gerði séð frá "fjóstóftinni"	SV
Deildardalur 2013_75	4884	22.8.2013	GZ	Hringlaga gerði séð neðan frá ánni	NV
Deildardalur 2013_76	3411	29.8.2013	GZ	Hringlaga gerði séð neðan frá ánni	NV
Deildardalur 2013_77	7415	22.8.2013	GZ	Aflöng útihúsatóft austast í túni á Koti, mögulega fjóstóft	N
Deildardalur 2013_78	3200	29.8.2013	GZ	Aflöng útihúsatóft austast í túni á Koti, mögulega fjóstóft	NV
Deildardalur 2013_79	3339	29.8.2013	GZ	Horft yfir til minjanna á Koti	N
Deildardalur 2013_80	5810	14.8.2013	KG	Marbælissel á Seljadal	A

## Byggðasögurannsókn 2013 - ljósmyndaskrá

Mynd	Stærð	Dags.	Mappa	Lýsing	Tekið (i)
Deildardalur 2013_81	8180	14.8.2013	KG	Miðhúsaseli	S
Deildardalur 2013_82	4839	16.8.2013	KG	Miðhúsaseli	S
Deildardalur 2013_83	5575	16.8.2013	KG	Austari seltóftirnar á Miðhúsaseli	SA
Deildardalur 2013_84	5030	16.8.2013	KG	Vestari seltóftirnar á Miðhúsaseli	V
Deildardalur 2013_85	7237	19.8.2013	KG	Yfirlitsmynd af tóftum á Miðhúsaseli	S
Deildardalur 2013_86	5855	23.7.2013	KG	Miklabæjarsel/Óslandssel	SV
Deildardalur 2013_87	6526	13.8.2013	KG	Miklabæjarsel	N
Deildardalur 2013_88	4826	13.8.2013	KG	Óslandssel	V
Deildardalur 2013_89	7755	14.8.2013	KG	Óslandssel	V
Deildardalur 2013_90	2296	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	S
Deildardalur 2013_91	1627	29.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	NV
Deildardalur 2013_92	1607	29.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	S
Deildardalur 2013_93	1575	29.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	SA
Deildardalur 2013_94	1675	29.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	NV
Deildardalur 2013_95	1858	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	V
Deildardalur 2013_96	1852	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	NV
Deildardalur 2013_97	1775	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	N
Deildardalur 2013_98	1555	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	NA
Deildardalur 2013_99	2323	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	N
Deildardalur 2013_100	2399	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	N
Deildardalur 2013_101	1358	29.8.2013	GZ	Kot	A
Deildardalur 2013_102	8060	14.8.2013	KG	Miklabæjarsel/Óslandssel	NV
Gröf 2013_1	2618	27.8.2013	GZ	Grafargerði	A
Gröf 2013_2	2304	27.8.2013	GZ	Grafargerði	N
IMG_1172	5245	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1173	5327	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1174	5250	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1176	4384	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1177	4358	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1178	4940	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1194	4664	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1195	4329	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1196	4920	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1197	5081	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1198	3579	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1199	4961	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1200	5080	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1203	4608	22.8.2013	GZ	Kot	Að ofan
IMG_1231	5489	22.8.2013	GZ	Hrafnsá	Að ofan
IMG_1232	5231	22.8.2013	GZ	Hrafnsá	Að ofan
IMG_1233	3965	22.8.2013	GZ	Hrafnsá	Að ofan
IMG_1242	5782	22.8.2013	GZ	Hrafnsá	Að ofan
IMG_7153	3434	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	Að ofan
IMG_7154	3470	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	Að ofan

## Byggðasögurannsókn 2013 - ljósmyndaskrá

Mynd	Stærð	Dags.	Mappa	Lýsing	Tekið (i)	
IMG_7155	3312	27.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	Kjarni 1 - neðri hluti - í vestanverðan túngarð á Stafshólsstekk	Að ofan
IMG_7172	2943	27.8.2013	GZ	Gröf	Kjarni 1 í fornri tóft í móa sunnan Deildardalsár	Að ofan
IMG_7173	3071	27.8.2013	GZ	Gröf	Kjarni 2 í forna tóft í móa sunnan Deildardalsár	Að ofan
IMG_7174	3679	27.8.2013	GZ	Gröf	Kjarni 3 í beitarhúsatóft, fyrrum í landi Grafar	Að ofan
Kjarni skála á Koti	6837	19.8.2013	KG	Kot	Kjarni 4 á 6m í miðja skálatóft á Koti	Að ofan
Miklibær 2013	1553	29.8.2013	GZ	Miklibær	Yfirlitsmynd af kirkjugarði á Miklabæ í Óslandshlíð	N
Stafshólsstekkur panórama	1831	29.8.2013	GZ	Stafshólsstekkur	Panóramamynd af Stafshólsstekk	N
Unadalur 2013_1	2302	14.8.2013	GZ	Bjarnastaðir	Bæjarhóllinn á Bjarnastöðum	N
Unadalur 2013_2	2645	14.8.2013	GZ	Bjarnastaðir	Ruslahaugurinn á Bjarnastöðum	S
Unadalur 2013_3	1864	14.8.2013	GZ	Bjarnastaðir	Útihúsatóft sem áin er búin að skemma	V
Unadalur 2013_4	2048	14.8.2013	GZ	Bjarnastaðir	Hjalti Pálsson við túngarðinn á Bjarnastöðum	A
Unadalur 2013_5	2492	14.8.2013	GZ	Bjarnastaðir	Hjalti Pálsson við túngarðinn á Bjarnastöðum	A
Unadalur 2013_6	2212	14.8.2013	GZ	Bjarnastaðir	Túngarðurinn á Bjarnastöðum	NV
Unadalur 2013_7	2802	14.8.2013	GZ	Bjarnastaðir	Snið í túngarðsvegg á Bjarnastöðum	A
Unadalur 2013_8	3156	14.8.2013	GZ	Bjarnastaðir	Snið í túngarðsvegg á Bjarnastöðum	A
Unadalur 2013_9	3374	14.8.2013	GZ	Bjarnastaðir	Snið í túngarðsvegg á Bjarnastöðum	A
Unadalur 2013_10	2694	14.8.2013	GZ	Ennissel	Kvíar á Ennisseli	A
Unadalur 2013_11	2174	14.8.2013	GZ	Ennissel	Hjalti Pálsson í beitarhúsatóftum á Ennisseli	S
Unadalur 2013_12	2666	14.8.2013	GZ	Ennissel	Garði í beitarhúsatóftun á Ennisseli	S
Unadalur 2013_13	2602	14.8.2013	GZ	Ennissel	Eldri seltóftir á Ennisseli	SA
Unadalur 2013_14	1949	29.8.2013	GZ	Ennissel	Kvíar á Ennisseli	A
Unadalur 2013_15	1871	14.8.2013	GZ	Hofssel	Kvíar á Hofsseli	S
Unadalur 2013_16	1918	14.8.2013	GZ	Hofssel	Seltóftir á Hofsseli	NA
Unadalur 2013_17	1620	28.8.2013	GZ	Hofssel	HP við borkjarnatöku á tóftum Hofssels	S
Unadalur 2013_18	1506	29.8.2013	GZ	Hofssel	Garður vestan Hofssels	S
Unadalur 2013_19	1724	29.8.2013	GZ	Hofssel	Garður vestan Hofssels	S
Unadalur 2013_20	2831	14.8.2013	GZ	Hofssel	Garður vestan Hofssels	S
Unadalur 2013_21	2413	14.8.2013	GZ	Hofssel	Forn garðlag vestan tóftanna á Hofsseli	NV
Unadalur 2013_22	2347	14.8.2013	GZ	Hofssel	Hofssel	A
Unadalur 2013_23	2504	14.8.2013	GZ	Hofssel	Hofssel	A
Unadalur 2013_24	2769	14.8.2013	GZ	Hofssel	Hofssel	S
Unadalur 2013_25	2295	14.8.2013	GZ	Þönglaskálasel	Horft yfir yngri bæjartóftir á Þönglaskálaseli	A
Unadalur 2013_26	2019	14.8.2013	GZ	Spáná	Möguleg tóft í landi Spánár	SA
Unadalur 2013_27	1790	29.8.2013	GZ	Spáná	Möguleg tóft í landi Spánár	SA
Unadalur 2013_28	1784	29.8.2013	GZ	Spáná	Forn tóft í móa austan Spánár, líklega eldri en 1104	A
Unadalur 2013_29	1780	29.8.2013	GZ	Spáná	Forn tóft í móa austan Spánár, líklega eldri en 1104	V
Unadalur 2013_30	1888	14.8.2013	GZ	Svínavellir	Horft upp að bæjarstæði Svínaskála og tófta sem kjarnar voru teknir í	S
Unadalur 2013_31	2444	14.8.2013	GZ	Svínavellir	Réttartóft í landi Svínaskála	A
Unadalur 2013_32	3281	14.8.2013	GZ	Svínavellir	Réttartóft í landi Svínaskála	A
Unadalur 2013_33	2679	14.8.2013	GZ	Svínavellir	Réttartóft í landi Svínaskála	S
Unadalur 2013_34	3444	14.8.2013	GZ	Svínavellir	Kjarni 1 í vegg réttar í landi Svínaskála	Að ofan
Unadalur 2013_35	2159	14.8.2013	GZ	Yfirlitsmynd	Útsýni inn Unadal frá Þönglaskálaseli	A
Unadalur 2013_36	2127	14.8.2013	GZ	Þönglaskálasel	Tóft í móanum austan lækjar á Þönglaskálaseli	N
Unadalur 2013_37	2351	14.8.2013	GZ	Þönglaskálasel	Útihúsatóftir ofan bæjarhúsastófta á Þönglaskálaseli	S

